

Nd.

679. Frumvarp til laga

[327. mál]

um breyting á lögum nr. 113 29. desember 1951, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands hf., sbr. lög nr. 31 27. apríl 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

4. gr. laganna falli niður, og breytist röð annarra greina til samræmis við það.

2. gr.

5. gr. laganna, sem verður 4. gr., breytist og orðist svo:
Stjórn félagsins skal kosin með hlutfallskosningu á árlegum aðalfundi. Skal hún skipuð að minnsta kosti 5 aðalmönnum og jafnmörgum til vara, er kosnir skulu á sama hátt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir nauðsynlegum breytingum á lögnum, er leiðir af sölu ríkissjóðs á hlutabréfum í bankanum. Breytingar þessar eru einungis tvær.

Fjórða grein laganna hljóðar nú þannig:

„Á hluthafafundi félagsins skulu engar takmarkanir vera á atkvæðisrétti að því er hlutafé ríkissjóðs snertir.“ Ákvæði þetta falli brott.

Fimmta grein laganna hljóðar nú þannig:

„Stjórn félagsins skipa 5 menn. — Iðnaðarmálaráðherra skipar tvo stjórnarmenn, til eins árs í senn. Þrjú stjórnarmenn skulu kjörnir á árlegum aðalfundi af öðrum hluthöfum en ríkissjóði. Varastjórn skal skipuð og kjörin á sama hátt.“

Grein þessi verði fjórða grein og orðist þannig:

Stjórn félagsins skal kosin með hlutfallskosningu á árlegum aðalfundi. Skal hún skipuð að minnsta kosti 5 aðalmönnum og jafnmörgum til vara, er kosnir skulu á sama hátt.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að framselja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um að 4. gr. nógildandi laga falli brott og röð annarra greina breytist í samræmi við það.

Um 2. gr.

Stjórnarkjör í félaginu breytist vegna sölu hlutabréfanna og verður í samræmi við lög um hlutafélög.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.